



Samkomulag um samvinnu til að vinna gegn vændi á hótélum og gististöðum

Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar, fyrir hönd borgarinnar, Samtök ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd hótela og gististaða í Reykjavík og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sameinast í vinnu að vændislausum hótélum og gististöðum. Samkomulag þetta miðar að því að skilgreina í hverju verkefnið felst og hjá hverjum ábyrgð hvers þáttar liggur.

Markmið:

Að skapa ofbeldislaust og öruggt umhverfi fyrir gesti og starfsfólk með því að tilkynna vændiskaup og kynna vændisseljendum þann stuðning sem stendur til boða.

Rökstuðningur:

Hótel og gististaðir eru í meiri hættu á að tengjast mansali og vændi en mörg önnur fyrirtæki. Á meðan tengingin við þennan heim er ekki fyrirtækjum til framdráttar þá skortir þau oft leiðir til að sporna við vændi innan sinna veggja. Með þessu samkomulagi er verið að leggja áherslu á að vinna sameiginlega gegn vændi á hótélum og gististöðum en vitað er að í mörgum tilvikum tengjast vændi og mansal og oft eru vændisseljendur gíntir til starfans.

Stoðir:

Verkefnið á sér lagastoð í hegningarlögunum og stoð í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Lagastoð. Vændiskaup eru ólögleg á Íslandi sbr. 206. grein hegningarlaga:

206. gr. [Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.]1) [Hver sem hefur atvinnu eða viðurværi sitt af vændi annarra skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Sömu refsingu varðar það að ginna, hvetja eða aðstoða barn yngra en 18 ára til vændis. Sömu refsingu varðar það einnig að stuðla að því að nokkur maður flytji úr landi eða til landsins í því skyni að hann stundi vændi sér til viðurværis. Hver sem stuðlar að því með ginningum, hvatningum eða milligöngu að aðrir hafi samræði eða önnur kynferðismök gegn greiðslu eða hefur tekjur af vændi annarra, svo sem með útleigu húsnæðis eða öðru, skal sæta fangelsi allt að 4 árum en sektum eða fangelsi allt að 1 ári ef málsbætur eru. Hver sem í opinberri auglýsingu býður fram, miðlar eða óskar eftir kynmökum við annan mann gegn greiðslu skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum.]2)

Stefna borgarinnar:

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar grein 2.1.3 segir „Reykjavíkurborg einsetur sér að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi, vændi og mansali. Af þeim sökum er mikilvægt, í samvinnu við lögreglu, að sporna gegn rekstri nektardansstaða og rekstri sem snýst um vændiskaup.

Áherslur:

1. Til að ná markmiði verkefnisins hefur verið ákveðið að leggja áherslu á eftirtalda þætti:

- Efla samskipti milli þeirra aðila sem taka þátt í verkefninu með það fyrir augum að vinna saman gegn vændi.
- Vinna fræðsluefni fyrir starfsfólk hótela og gististaða sem er aðgengilegt á vef SAF og Reykjavíkurborgar.
- Þjóða upp á kynningarefni fyrir hótél og gististaði þar sem þau vekja athygli á því að þau vinni gegn vændi.
- Vekja athygli á því að vændiskaup séu ólögleg og tengslum vændis við mansal.

- e) Skilgreina og kynna þær leiðir sem færar eru fyrir vændisseljendur er vilja finna leið út úr vændi.

2. Hlutverk SAF (Aðgerðir)

- a) Stuðla að góðum samskiptum milli aðila verkefnisins og milli þeirra við rekstaraðila hótela og gististaða.
- b) Hafa aðgengilegt, á vef SAF, upplýsinga- og fræðsluefni um vændi. Grunnur að fræðsluefninu var unnin af hópnum **Auðug** og var verkefni í Háskólanum í Reykjavík. Í hópnum áttu sæti Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Bryndís Ósk Björnsdóttir, Ingunn Þorvarðardóttir, Ísól Fanney Ómarsdóttir, Stella Sif Jónsdóttir og Þórgunnur Jóhannsdóttir
- c) Útbúa og hafa aðgengilegt kynningarefni fyrir hótél og gististaði þar sem fram kemur að vændi sé ekki liðið innan þeirra veggja.

3. Hlutverk Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

- a) Stuðla að góðum samskiptum við rekstraraðila hótela og gististaða og við aðila að verkefninu.
- b) Vera með vel skilgreindar leiðir um það hvert beri að snúa sér í þeim tilvikum sem grunur leikur á eða vissa er um vændi, sjá fylgiskjal 1.
- c) Vekja athygli á því að vændiskaup séu ólögleg
- d) Taka þátt í samráðsfundum tvisvar á ári til að meta samstarfið og ræða leiðir til að mæta markmiðum samstarfsins.

4. Hlutverk Reykjavíkurborgar

- a) Stuðla að góðum samskiptum milli þeirra sem eiga hlut að samkomulaginu.
- b) Hafa aðgengilegt, á vef borgarinnar, upplýsinga- og fræðsluefni um vændi og þetta verkefni. Þar verði bent á tilkynningarleið til lögreglu en einnig vakin athygli á netfanginu oryggi@reykjavik.is þar sem hægt er að senda inn ábendingar og fyrirspurnir er varða öryggi borgarbúa.
- c) Kortleggja þær leiðir og stuðning sem stendur þeim til boða sem vilja komast út úr vændi. Þjónustan er veitt af borginni og grasrótarsamtökum eftir því sem við á hverju sinni.
- d) Boða tvisvar á ári til samráðsfundar þar sem m.a verður rætt um samstarfið, leiðir og úrbætur.

5. Annað

Samtök aðila í ferðaþjónustu, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborg, skuldbinda sig til að fylgja samkomulagi þessu eftir. Aðilar að samkomulaginu skulu skipa teymi sem hittist tvisvar á ári í þeim tilgangi að meta árangur samstarfsins. Reykjavíkurborg boðar til þeirra funda.

Samkomulagið tekur gildi 10. september 2019 og verður endurskoðað að ári liðnu.

Reykjavík, 10. september 2019

F.h. ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar

F.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

F.h. Samtaka aðila í ferðaþjónustu